

stakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað hinna eldri, sem felldir eru eða seldir, og skal andvirði þeirra einnig renna óskipt í sjóðinn. 118  
29. des.

Stjórn sambandsins ákvarðar í hvert sinn, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggi hvort tveggja fyrir, að grundvölluð ástæða hafi verið til að fella hestinn (hestana) og sá hestur (hestar), sem kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í hrossarékt og samþykki hans fyrir skiptunum liggi fyrir.

Aldrei skal veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern.

Ársreikningar sambanda þeirra, sem hér um ræðir, skulu sendir Búnaðarfélagi Íslands til endurskoðunar og samþykktar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau. 119  
29. des.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt vísitölu“ í 5. tölulið 21. gr. laganna komi: Samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

#### 2. gr.

Síðasta málsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

#### 3. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1952.

1951

290

119

4. gr.

29. des. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952, og skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 51/1951 og geta síðan þau lög út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

120

L Ö G

20. des.

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málslíður 8. gr. laganna orðist svo:

Til þessarar deildar ganga frá 1. janúar 1951 15% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

121

L Ö G

20. des.

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að ⅓ hlutum af verði vélarinnar. Víkur þá